

Priðjudaginn 23. janúar 1973.

Nr. 12/1973. Valdstjórnin

gegn

Magnúsi Einarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. janúar 1973, sem barst dóminum 16. s. m., og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Kærði var handtekinn í Reykjavík um kl. 0300 hinn 11. janúar og færður í fangageymslu. Kl. 1555 þann dag kom hann fyrir rannsóknarlögreglu og var sakaður um að hafa framið þjófnað, svo sem greinir í hinum kærða úrskurði. Dómbing í sakadómi Reykjavíkur var háð síðar þennan sama dag. Í endurriti úr sakadómsbók segir: „Í dóminum liggja frammi skýrsla tæknideildar rannsóknarlögreglunnar og ófullgerð skýrsla rannsóknarlögreglunnar. — Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi úrskurður: . . .“

Eftir að úrskurður var færður til bókar, segir svo í endurriti úr þingbók: „Kl. 1640 er færður fyrir dóminn kærði, Magnús Einarsson sjómaður . . . Úrskurðarorð er lesið í heyranda hljóði í dóminum . . .“

Sýnt er af endurriti úr sakadómsbók, sem nú hefur verið rakið, að kærði kom ekki fyrir dómara, fyrr en eftir að hann kvað upp úrskurð um að hneppa skyldi kærða í gæzluvarðhald. Brýtur það í bága við boð 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 82/1961. Vegna þessara annmarka ber að ómerkja hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. janúar 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 11. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í nótt var brotízt inn að Holtsgötu 10 hér í borg og þar stolið ca. 200 U. S. dollurum, fjórum skartgripaskrínunum, ferðatösku, fyrstadaðsumslögum og krukku með eins-eyringum.

Við rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar kom í ljós fingrafar á peningakassa, sem dollararnir höfðu verið í, og var það samkennt við far í safni tæknideildar, og reyndist það vera af Magnúsi Einarssyni, Mosgerði 5 hér í borg, sem fæddur er 6. desember 1948.

Kærði hefur eindregið neitað öllum sakargiftum, eftir að hann var handtekinn um kl. 0300 í nótt á Hótel City.

Einn af gestum hótelsins, Ingvar Diðrik Júníusson, afhenti rannsóknarlögreglunni krukku með einseyringum í og 21 fyrstadaðsumslag, og reyndist hér vera um hluta þýfisins að ræða. Ingvar Diðrik sagðist í fyrstu hafa veitt þessum munum móttöku úr hendi Magnúsar Einarssonar, en breytti síðan framburði sínum og sagði, að ekki væri víst, að kærði hefði komið með þá, þar sem um fleira fólk hefði verið að ræða.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því nauðsyn til bera með hliðsjón af framansögðu og tilvísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða kærða í gæzluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár varðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Einarsson, skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum.